

Þróunarverkefni  
2004 - 2005

# Litlu manneskjurnar í leikskólanum



Leikskólinn Rauðaborg  
Viðarási 9  
110 Reykjavík

Ásta Birna Stefánsdóttir  
Hildur Skarphéðinsdóttir  
Hulda Björk Valgarðsdóttir

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Samantekt.....	4
Markmiðin með þróunarverkefninu .....	5
Lýsing á verkefninu .....	7
<i>Skipulag</i> .....	7
<i>Framkvæmd - könnunarleikur</i> .....	8
<i>Framkvæmd – fjársjóðskarfa</i> .....	9
Mat á verkefninu .....	10
<i>Viðhorf starfsmanna</i> .....	11
<i>Viðhorf foreldra</i> .....	11
<i>Úr dagbókum lykilpersóna</i> .....	12
Niðurstöður verkefnisins.....	14
Lokaorð .....	15
Heimildir .....	16
Fylgiskjöl.....	17

# Inngangur

Upphaf þróunarverkefnis er að Hildur Skarphéðinsdóttir leitaði til leikskólans Rauðaborgar og bauð starfsfólki leikskólans að taka þátt í verkefni þar sem áherslan yrði lögð á að þróa starfið með yngstu börnunum með því að útfæra ýmsar leiðir út frá bókinni *People Under Three; Young Children in Day Care* (2004). Leiðirnar yrðu t.d. að hafa lykilpersónu fyrir hvern barnahóp, innleiða könnunarleikinn og fjársjóðskörfuna. Hildur hefur haldið námskeið um yngstu börnin og verið frumkvöðull í að innleiða könnunarleikinn (2003).

Staðreyndin er sú að börn eru almennt að verða mjög ung þegar þau byrja í leikskóla og að ósk flestra foreldra hefja þau leikskólagöngu sína fljótlega eftir að fæðingarorlofi lýkur. Í ljósi þessa er æskilegt að auka þekkingu hjá foreldrum og starfsfólki á því hvers kyns umönnun þau þurfa til að þroskast og dafna. Mikill áhugi kviknaði strax hjá starfsfólki og hófst samstarfið við verkefnastjóra í maí 2004. Áhuginn fólst m.a. í því að þróa þessa leikaðferð og sjá hverju hún getur skilað í starfinu með yngstu börnunum.

Þróunarverkefnið stóð yfir frá maí 2004 – maí 2005. Starfsfólk yngstu deildarinnar í Rauðaborg vann að mestu að þróunarverkefninu og foreldrar barnanna á yngstu deildinni. Allt starfsfólkið í leikskólanum kom að verkefninu með einum eða öðrum hætti til dæmis var því boðið að taka þátt í öllum kynningum og foreldrafundum. Lestur fagbóka um yngstu börnin og leshringur varði yfir allt tímabilið.

Hildur Skarphéðinsdóttir, leikskólaráðgjafi var verkefnastjóri þróunarverkefnisins. Hún aðstoðaði við að skipuleggja starfið/vinnuna, sá um fræðsluþáttinn, veitti ráðgjöf yfir tímabilið og mat þróunarstarfið í lokin með starfsfólki og foreldrum.

Ásta Birna Stefánsdóttir, leikskólastjóri leikskólans hélt utan um verkefnið hvað varðaði innra starf leikskólans. Hún vann með verkefnastjóra að gagnasöfnun yfir allt tímabilið, hélt fundargerðir, sá um bókhaldið og vann lokaskýrslu ásamt verkefnastjóra og Huldu Björk Valgarðsdóttur, deildarstjóra.

Niðurstöðu verkefnisins er ætlað m.a. að hafa þá þýðingu að sýna að það er gefandi að vinna með börnum á öllum aldri og það eru forréttindi að fá að starfa með "litlu manneskjunum" í upphafi leikskólagöngu þeirra.

# Samantekt

Í þessu þróunarverkefni vann starfsfólk yngstu barnanna í leikskólanum Rauðaborg saman að því að þróa nýbreytni í starfinu með yngstu börnunum. Við þá vinnu var að meginhluta stuðst við bókinni *People Under Three: Young Children in Day Care*.

## Markmið þróunarverkefnisins:

- Að skoða aðferðir við að aðlaga uppeldis- og menntastarf leikskólans að þörfum yngstu barnanna (1-3 ára) út frá bókinni *People Under Three: Young Children in Day Care*. Höfundar: E. Goldschmied & S. Jackson.
- Að innleiða *Könnunarleikinn "Heuristic Play"* fyrir yngstu börnin og skoða hvernig hann þróast hjá börnunum frá upphafi innleiðingar, yfir eins árs tímabil
- Að innleiða *Fjár sjóðskörfuna "Treasure Baskets"* fyrir yngstu börnin.
- Að hver barnahópur hafi lykilpersónu
- Að aðlaga yngstu börnin að því sem koma skal þegar þau eldast í leikskólanum
- Að samþætta viðhorf starfsfólks og foreldrar barnanna í þeim leiðum sem farnar eru í uppeldis- og menntastarfi leikskólans.

## Helstu niðurstöður

Könnunarleikurinn varð strax hluti af daglegu starfi leikskólans og engu þurfti að breyta í dagskipulagi leikskólans við innleiðingu hans. Leikurinn vakti strax í upphafi áhuga barnanna og hélst sá áhugi allt tímabilið. Einbeiting barnanna hefur aukist og til marks um það þurfti að lengja könnunarleikjastund hjá yngri börnunum. Samskiptahæfni barnanna jókst, virðing fyrir hvoru öðru og einnig jókst orðaforði og hugtakaskilningur. Sama á við um fjár sjóðskörfuna og hefur hún einnig fengið sinn sess í starfi leikskólans og er hún notuð daglega, við ýmsar aðstæður.

Þegar kom að því að innleiða lykilpersónuhlutverkið, kom í ljós að hlutverk hópstjóra, sem fyrir var í leikskólanum, gegndi í raun svipuðu hlutverki og lykilpersónan samkvæmt hugmyndafræði Goldschmied og Jackson. Það má segja að hlutverkið hafi með verkefninu öðlast enn mikilvægara gildi og hugmyndir kviknað sem fróðlegt væri að útfæra nánar eins og til dæmis að heimsækja barn og foreldra á heimili þeirra áður en það byrja í leikskólanu.

Helstu niðurstöður foreldra eru að verkefnið sé góð viðbót við leikskólastarfið. Þeir telja að í könnunarleik læri börnin að deila með öðrum og búa til leiki úr "engu". Einnig telja foreldrar að börnin geti auðveldlega yfirfært leikinn heim. Haldnir voru kynningarfundir þar sem foreldrar voru mjög virkir og sköpuðust áhugaverðar umræður um uppeldi ungra barna. Í framhaldi af ákvörðun sem tekin var á einum fundi foreldra, komu foreldrar og fylgdust með könnunarleikstund hjá börnum sínum. Einnig voru þeir og allt starfsfólk virkt í efnisöflun við upphaf verkefnisins.

Starfsfólk telur að þátttaka í verkefninu hafi auðgað leikskólastarfið og að vægi yngstu barnanna hafi orðið meira innan leikskólans. Mikill áhugi er á að halda verkefninu áfram næsta haust og gera það að föstum lið í leikskólastarfi Rauðaborgar. Ennfremur styrkti þátttakan okkur enn frekar í því að gera sérstaka námskrá fyrir yngstu börnin.

## Markmiðin með þróunarverkefninu

### **Að skoða aðferðir við að aðlaga uppeldis- og menntastarf leikskólans að þörfum yngstu barnanna (1-3 ára) út frá bókinni People Under Three: Young Children in Day Care**

Þörf er á að fræða allt starfsfólkið um það mikilvæga starf sem fram fer með yngstu börnunum, vegna þess að þessi aldurshópur hefur hingað til ekki verið stór hluti af barnahópnum. Nauðsynlegt er að styðjast við fagbækur þegar skoða skal mismunandi uppeldisaðferðir og varð bókina People Under Three fyrir valinu þar sem hún fjallar um aldurinn undir þriggja ára.

Fræðimennirnir sem skrifuðu bókina styðja sitt mál með rannsóknum og eins hefur fagfólk víða um heim tekið þátt í að prófa og þróa aðferðirnar sem settar eru fram. Hér gefst gott tækifæri fyrir starfsfólk leikskólans til að fæðast um þarfir yngstu barnanna, þroska og möguleika á að auðga starfið með þeim.

### **Að innleiða könnunarleikinn “Heuristic Play” fyrir yngstu börnin og skoða hvernig hann þróast hjá börnunum frá upphafi innleiðingar, yfir eins árs tímabil**

Elinor Goldschmied, uppeldisfræðingur í Bretlandi, hefur útfært áhugaverða leikjaaðferð fyrir yngstu börnin í leikskólanum, “heuristic play with objects”, sem hefur verið þýtt með hugtakinu könnunarleikur. Gríska orðið eurisko, sem heuristic er dregið af, merkir “til að uppgötva eða ná skilningi”. Í stuttu máli þá felst könnunarleikur í að bjóða hópi barna aðgang að miklum fjölda ólíkra hluta sem þau leika sér með án afskipta fullorðinna í stuttan tíma (15-60 mínútur) á skipulögðu afmörkuðu svæði. Eins og nafnið bendir til, kanna börnin möguleika hlutanna og þau gera það upp á eigin spýtur, enda vísar orðið heuristic til leitar og einhvers sem getur leitt þig áfram til aukinnar þekkingar.

Á meðan á leiknum stendur talar hinn fullorðni ekkert en í tiltektinni nefnir hann hlutina sem hann vill að barnið setji í hvern poka og segir svo “þakka þér fyrir” þegar hluturinn er kominn á sinn stað. Með því að nefna hlutinn tengir barnið saman orð og hlut. Í leiknum hafa börnin kynnst eðli hvers hlutar í gegnum skilningarvitin þannig að nafn hlutarins fær raunverulega merkingu. Hinn fullorðni bætir við stuttum, skýrum athugasemdum þegar hlutunum er safnað saman, eins og “þarna er einn við fótinn á þér”, “réttu mér annað”, “líttu fyrir aftan þig” o.s.frv. Það kemur skýrt í ljós hve miklu máli skiptir að nota marga ólíka hluti þegar málþroski er örvaður. Dæmi um leikefni er: mismunandi tegundir af flátum, hlutir sem rúlla, keðjur af ýmsum stærðum og gerðum, þvottaklemmur og hurðahúnar úr tré, borðar, lykklar og svo mætti lengi telja áfram.

### **Að innleiða notkun Fjár sjóðskörfunnar “Treasure Baskets” fyrir yngstu börnin**

Fjár sjóðskarfan er eins og smækkuð mynd af könnunarleiknum, aðlöguð að yngri börnum. Hver hópur safnar í sína eigin fjár sjóðskörfu og skoðar saman hvað hún inniber, í hóptímum/samverustundum með sinni lykilpersónu. Einnig er lagt til að safnað sé saman efni í körfur eftir ákveðnu þema, t.d. settir saman hlutir/viðfangsefni sem gefa frá sér hljóð, allt sem er mjúkt, segulstál o.s.frv. Þessar fjár sjóðskörfur eru teknar fram við ýmis tækifæri til að skoða og kanna fyrir litlu manneskjurnar, en einnig er þessi hugmynd tilvalinn fyrir allan aldur.

### **Að hver barnahópur hafi lykilpersónu**

Hver starfsmaður fær yfirumsjón yfir fáum börnum, tengist þeim sérstaklega og fylgist með líðan þeirra á hverjum degi. Yngstu börn leikskólans hafa ekki getu til að segja hvernig þeim líður og hafa varla hugmynd um hvers vegna þau eru stödd í leikskólanum. Því eiga þau rétt á að finna til öryggis og njóta þessarar sérstæðu umhyggju á meðan þau dvelja þar. Tengslin við lykilpersónuna í leikskólanum eiga alls ekki að koma í staðinn fyrir samband foreldra og barns heldur er verið að tala um að góð samverustund í stuttan tíma nægi á hverjum degi. Þau börn sem lykilpersónan ber ábyrgð á, fara með henni á afvikinn stað þar sem hægt er að vera í ró og næði og æskilegast er að alltaf sé verið á sama stað.

### **Að aðlaga yngstu börnin að því sem koma skal þegar þau eldast í leikskólanum**

Við teljum þetta verkefni vera góðan grunn að áframhaldandi starfi í leikskólanum, þar sem þetta er í anda þeirrar uppeldisstefnu sem við vinnum eftir og þar af leiðandi skapar þetta heild í uppeldisstarfi Rauðaborgar (Skólanámskrá Rauðaborgar, 2005).

### **Að samþætta viðhorf starfsfólks og foreldra barnanna í þeim leiðum sem farnar eru í uppeldis- og menntastarfi leikskólans**

Kynna verkefnið fyrir foreldrum og fá þau til samstarfs við leikskólans. Mikilvægt er að samræmi sé á milli uppeldisstefnu leikskólans og viðhorfa foreldra.

Börn undir þriggja ára aldri hafa mikla þörf fyrir að rannsaka og uppgötva á eigin spýtur og sjá hvernig hlutir virka þegar þau stjórna þeim. Þau þarfnast mikillar fjölbreytni í hlutum til að geta stundað þessar rannsóknir sínar, hluti sem eru sífellt nýir og áhugaverðir og oft eru það hlutir, sem ekki fást í leikfangabúðum, sem eru vinsælastir. Í þessu þróunarverkefni gefst mjög gott tækifæri fyrir starfsfólk og foreldra til að ræða saman til dæmis um þessa meðfæddu rannsóknarþörf barnanna og hvaða möguleikar séu til að koma á mótis við hana, bæði í leikskólanum og heima.



*Könnunarleikjastund*

## Lýsing á verkefninu

Í þróunarverkefninu vann starfsfólk yngstu barnanna í leikskólanum að því að efla og þróa starfið með yngstu börnunum. Stuðst var við hugmynda- og aðferðafræði bókarinnar *People Under Three – Young Children in Day Care*. Allt starfsfólkið í leikskólanum kom að verkefninu með einum og öðrum hætti, ásamt foreldrum yngstu barnanna. Lestur fagbóka um yngstu börnin og leshringur var yfir allt tímabilið.

### Skipulag

Að vori 2004 var verkefnið kynnt fyrir öllu starfsfólki leikskólans á starfsmannafundi. Allt starfsfólk leikskólans fékk að fylgjast með könnunarleikjastund í öðrum leikskólum þar sem innleiðing hafði átt sér stað. Sumarið var notað í að safna efnivið og sauma poka utan um efniviðinn. Haldnir voru 4 deildarfundir fyrir áramót, þar sem farið var yfir stöðuna og skipst var á skoðunum og fengin ráðgjöf frá verkefnastjóra. Eftir áramót voru haldnir 3 deildarfundir. Á þessa deildarfundum mættu þeir starfsmenn leikskólans sem tóku beinan þátt í verkefninu, leikskólastjóri og verkefnisstjóri.

Leshringur var stofnaður og var hitst 4 sinnum yfir veturinn (*sjá fylgiskjal 1*). Í leshringnum voru lesnir kaflar úr bókunum *People Under Three – Young Children in Day Care* og *The Little Book of Treasure Baskets*. Í leshringnum voru þeir starfsmenn leikskólans sem tóku beinan þátt í verkefninu, leikskólastjóri og verkefnisstjóri og var einnig öðrum starfsmönnum boðið að taka þátt í leshringnum.

Foreldrafundur til að kynna verkefnið var haldinn fyrir foreldra yngstu barnanna, að hausti áður en hafist var handa á verkefninu (*sjá fylgiskjal 2*). Á þessum fundi var sýnt myndband þar sem könnunarleikurinn var kynntur (*sjá fylgiskjal 3*). Foreldrar fengu ljósrit úr bókinni *People Under Three* og voru einnig beðnir um að taka þátt í efnisleit. Í janúar 2005 var haldinn fundur fyrir foreldra þar sem þeir fengu að sjá myndband úr könnunarleikjastundum barna þeirra. Einnig var á þeim fundi kynning á fjársjóðskörfunni og foreldrar fengu með sér ljósrit með upplýsingum um hana. Frá mars til apríl var foreldrum boðið að koma og fylgjast með könnunarleikjastund í leikskólanum.

Fyrirlestur var haldinn í mars 2005 þar sem fjallað var um jóga, slökun og snertingu og var öllu starfsfólki og öllum foreldrum boðið. Þetta viðfangsefni var valið til að upplýsa okkur um hvernig hægt er að efla einbeitingu, sjálfsstjórn og vellíðan hjá börnum á öllum aldri. Mjög gott er að byrja snemma á að venja börn við eðlilega snertingu og slökun. Með því er lagður góður grunnur að tengslamyndun sem hefur gildi út allt lífið.



*Jóga, slökun, snerting*

Á deildarfundi í mars kom fram að ein lykilpersónan hafði boðið eldri börnum á deildinni hennar í könnunarleikjastund. Varð það mjög vinsælt og undu þau sér mjög vel. Út frá þessu spratt upp sú hugmynd að bjóða skipulega öllum eldri börnum leikskólans í könnunarleikjastund. Þar sem mikil samvinna er á milli deilda í leikskólanum þótti við hæfi að þessi athöfn væri öllum börnum leikskólans kunn. Ákveðið var að taka upp á myndband hverja leikstund eldri barna og skoða samanburð á leik þeirra og hinna yngri.



*Eldri börn í könnunarleik*



Á deildarfundi í apríl 2005 kom hugmynd um að börn og foreldrar fengju að velja sér fjársjóðskörfu og fara með hana heim í nokkra daga. Ákveðið var að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd í maí og biðja foreldra að taka upp á myndband leik barnanna heima.

Í lok maí 2005 var haldinn foreldrafundur þar sem sýnt var myndband frá könnunarleikjastundunum í vetur, frá hverjum hóp var brot frá byrjun verkefnis, frá miðbiki þess og síðan lok verkefnis. Þannig var hægt að bera saman hvernig leikurinn hafði þróast yfir veturinn. Einnig var sýnt myndbrot af börnum sem höfðu tekið fjársjóðskörfu með sér heim. Á þessum foreldrafundi var verkefnið einnig metið, og fengu bæði foreldrar og starfsfólk matsblöð með spurningum til að svara (*sjá fylgiskjal 4*). Niðurstöður þeirra koma fram síðar í skýrslunni.

### **Framkvæmd - könnunarleikur**

Börnin sem tóku þátt í verkefninu voru 17. Í upphafi voru þau á aldrinum 1;5 ára til 2;8 ára og var þeim skipt niður í 4 hópa eftir aldri. Í hverjum voru 4 börn, fyrir utan elsta hópinn þar sem voru 5 börn. Til að byrja með var ákveðið að yngri hóparnir færu 2svar í viku, 30 mín. í senn og elsti hópur einu sinni í viku í 60 mín. Eftir 3 vikur var þessu breytt, þar sem tíminn reyndist ekki nægur fyrir börnin og skipulag stundanna féll ekki nógu vel að skipulagi leikskólans. Eftir það fóru allir hóparnir 1 sinni í viku í könnunarleikjastund, 60 mín. í senn.



*Uppröðun fyrir könnunarleikjastund*



*Pokar sem geyma efniviðinn*

Stundin fer fram í afmörkuðu, teppalögðu herbergi þar sem enginn annar efniviður er til staðar, nema stóll fyrir hinn fullorðna. Þegar börnin koma inn í herbergið er búið að taka fram þann efnivið sem nota á. Efniviðurinn er í jafnmörgum hrúgum og fjöldi barna í viðkomandi hóp og í hverri hrúgu er samskonar efniviður. Börnin fara beint að leika sér og starfsmaður sest, dregur sig í hlé og skráir niður athafnir barnanna. Starfsmaðurinn er til taks en blandar sér ekki í leik barnanna, nema nauðsyn krefji. Jafnframt skráir starfsmaðurinn hjá sér athafnir og samskipti barnanna, tekur ljósmyndir og tekur upp á myndband. Í lok stundar kemur að tiltekt. Efniviðurinn er flokkaður í mislita poka og börnin taka virkan þátt í tiltekinni (sjá markmið um könnunarleikinn).

### **Framkvæmd – fjársjóðskarfa**

Hver hópur útbjó sína körfu, með ólíkum efnivið. Stuðst var við bókina *The Little Book of Treasure Baskets* (2001). Yngri hóparnir völdu allir körfur sem ætlaðar eru fyrir börn yngri en 3ja ára; *hlutir sem rúlla* (the rolling along basket), *bustakarfa* (the brush basket) og *baðherbergiskarfa* (the bathroom basket). Elsti hópurinn valdi körfu sem ætluð er fyrir börn eldri en 3ja ára, *hlutir settir ofaní* (the put it in basket).

Þessar körfur liggja ekki frammi þar sem börnin geta gengið í þær, heldur eru þær einungis teknar fram af hinum fullorðna s.s. í hópastarfi, samverustund eða í raun hvenær sem er dagsins, í fámennum hópi barna. Framkvæmdin er mjög svipuð og í könnunarleiknum, karfan er lögð fyrir börnin og þau fá að ganga í hana að vild, skoða og rannsaka á eigin forsendum. Starfsmaðurinn er til taks en blandar sér ekki í leik barnanna, nema nauðsyn krefji. Þarna fer fram mikið hugtakanám. Í lok leiksins ganga svo börnin frá hlutunum í körfuna aftur.



*Baðherbergiskarfa*



*Hlutir sem rúlla*



*Hlutir settir ofaní*



*Bustakarfa*

# Mat á verkefninu

Aðferðir sem notaðar voru við mat á verkefninu:

- Deildarfundir
- Ljósmyndir og myndbandsupptökur í leikskólanum
- Dagbækur
- Myndbandsupptökur foreldra heima
- Verkefnastjóri gerði athugun á 4 könnunarleikjastundum
- Rýnihópur

Deildarfundir voru haldnir mánaðarlega með verkefnastjóra. Starfið var metið og ný framkvæmdaáætlun gerð í framhaldi af því (*sjá fylgiskjal 5*). Á þessum fundum hafði starfsfólk tækifæri á að ræða hvernig gengi og hvað mætti betur fara.

Í öllum könnunarleikjastundunum vorum við með digital myndavél og nokkrum sinnum yfir veturinn vorum við einnig með digital upptökuvél og tókum upp leik barnanna. Efnið var svo sett inn í tölvu, bæði myndirnar og upptökurnar og auðveldaði það okkur að vinna úr þeim. Ljósmyndirnar prentuðum við út og hengdum upp, þannig að auðvelt var fyrir foreldra, börnin og starfsfólk að sjá hvað var að gerast í stundunum. Klippt voru saman brot úr könnunarleikjastundunum og sýnd foreldrum á fundum, bæði í janúar og í lok maí. Hið sama átti við um fjársjóðskörfuna, og voru upptökur frá henni sýndar á fundi í lok maí.

Yfir veturinn var hver hópstjóri með bók hjá sér í könnunarleikjastundum, þar sem hann skrifaði niður hvað var að gerast í þessum stundum. Þannig gat starfsmaðurinn haldið utan um hvernig samskipti barnanna og leikferli þróaðist.

Þegar foreldrar fengu heim með sér fjársjóðskörfu, voru þeir í leiðinni beðnir um að taka upp á myndband smá brot af leik barna sinna heima við. Ef foreldrarnir áttu ekki digital upptökuvél, þá fengu þeir lánaða vél leikskólans. Með því að biðja foreldra um að taka upp leikinn heima, gátum við séð og metið hvort einhver munur væri á leik barnanna heima og í leikskólanum.

Á fundi í lok maí, var þróunarverkefnið síðan metið og tóku bæði starfsfólk og foreldrar þátt í því mati. Í rýnihópnum voru 3 starfsmenn og foreldrar frá 8 börnum. Hvor hópur fyrir sig fékk spurningablað frá verkefnastjóra (*sjá fylgiskjal 4*)



Rýnihópur foreldra



Rýnihópur starfsfólks ásamt verkefnisstjóra

### **Viðhorf starfsmanna**

Starfsmönnum fannst áhugavert að taka þátt í þessu verkefni, þó að hafi gætt óöryggis hjá einstaka starfsmönnum, sem þó breyttist eftir fyrstu leikstund. Góður undirbúningur skilaði sér mjög vel, leshringurinn styrkti fólk mikið í að taka þátt í framkvæmd þess. Börnin sýndu verkefninu áhuga alveg frá byrjun, samskipti þeirra á milli gengu mjög vel, þau voru áhugasöm og höfðu gott úthald.

Kynning á verkefninu var mjög góð og reyndist árangursríkt að horfa á myndbönd og fara á aðra leikskóla að fylgjast með. Það veitti góða innsýn í verkefnið. Verkefnastjóri var ómetanlegur stuðningur og var bæði styðjandi og hvetjandi. Hún hvatti starfsmenn í að vinna sjálfstætt og að vera stuðningur hver fyrir aðra. Allir sýndu verkefninu mikinn áhuga og jafnvel þegar starfsmaður hætti og nýr tók við, þá var sá nýi mjög áhugasamur um verkefnið. Í samráði við verkefnastjóra þá aðlöguðum við verkefnið að skipulagi leikskólans og að þeim einstaklingum sem við vorum að vinna með. Þannig upplifðum við ekki verkefnið sem eitthvað utanaðkomandi verkefni, heldur áttum við hlutdeild að því.

Starfsfólk taldi að leikefnið hefði mátt vera fjölbreyttara. Nauðsynlegt er að yfirfara leikefni reglulega, bæta við nýju leikefni og endurnýja það sem fyrir var.

Segja má að þátttaka í þessu verkefni hafi eflt samskipti starfsfólks við foreldra. Foreldrar voru áhugasamir, mættu vel á fundi sem haldnir voru í sambandi við verkefnið, tóku virkan þátt í umræðum um verkefnið og í að safna efnivið, sem og að fræðast meira um leikinn og framgang hans.

Fram kom mikil ánægja hjá bæði foreldrum og starfsfólki með fyrirlesturinn *Jóga, slökun og snerting* og upp kom hugmynd um að fá fyrirlesarann aftur, því áhugi var fyrir að þróa þessa þætti betur í daglegu starfi.

### **Viðhorf foreldra**

Foreldrum fannst framtakið skemmtilegt og fannst gaman að fá að vera þátttakendur í verkefninu. Foreldrum fannst þetta stuðla að betri samskiptum á milli barna. Foreldrum fannst kynningin á verkefninu nægjanleg en voru sammála um að nauðsynlegt væri að upplýsingastreymi til þeirra væri gott. Foreldrar töldu sig eiga í verkefninu með þátttöku í söfnun efniviðar og einnig með því að taka heim fjársjóðskörfu. Foreldrum fannst börnin áhugasöm og mörg þeirra ræddu leikinn heima hjá sér. Einnig sáu foreldrar áhuga barnanna og hrifust af einbeitingu þeirra í leiknum, þegar þeir fengu tækifæri á að sjá þau á myndbandi, töluðu um að það væri gaman að vera fluga á vegg í stundunum.

Það sem foreldrum fannst áhugavert er að leikefnið sem notað var, það sem við nefnum verðlaust, virðist oft vera það besta og áhugaverðasta fyrir börnin. Þeim fannst einnig gaman að sjá hvernig börnin léku saman og voru frjáls í leiknum og voru þar á eigin forsendum. Sama átti við um leik barnanna með fjársjóðskörfuna.

Foreldrum fannst þetta vera góð viðbót við leikskólastarfið og töldu það jákvætt að það væri ekki í boði daglega. Þeir telja einnig að börnin læri að deila með öðrum og búa til leiki úr “engu”. Einnig telja foreldrar að börnin geti auðveldlega yfirfært leikinn heimavið. Þeir töldu þetta vera góða styrkingu fyrir m.a. fínhyfingar.

Foreldrar töldu tvímælaust að þróunarverkefnið ætti að halda áfram í leikskólanum. Þeir eru þeirra skoðunar að allir leikskólar eigi að fá fleiri slík verkefni, sem eru góð viðbót við leikskólasterfið í leikskólunum. Verkefni þar sem unnið er með tilfinningagreindina, s.s. efla sjálfstraust, hæfnina til að setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir öðrum.

### Úr dagbókum lykilpersóna

Í byrjun kom fram óöryggi hjá einni lykilpersónunni um hvort eða hvenær hún ætti að stoppa af eða grípa inn í leikinn.

Börnin voru mjög fljót að læra nöfnin á hlutunum s.s. keila, keðja os.frv.

Eitt barnið dró sig mikið til hlés og blandaði sér lítið í hópinn. Eftir nokkur skipti í könnunarleik sást mikil breyting þar sem barnið, á eigin forsendum, nálgast hin börnin og átti við þau samskipti.

Það sem vakti athygli í einum hópnum var að börnin gengu strax í upphafi að leikefninu og voru mjög dugleg að leika sér.

Mjög miklar breytingar urðu á fínhreyfingum barnanna sem kom m.a. fram í færni við að þræða og setja hluti í lítil ílát.



*Einbeiting*



*Einbeiting*

Það leikefni sem var vinsælast voru áldósir, plastdósir, keðjur, lyklar og jólakúlubönd.

Fram kom að í fyrstu stundum eins hópsins var samsetning hópsins ekki nógu góð svo gerð voru skipti úr öðrum hóp. Breytingarnar virtust ekki trufla leikgleðina eða samskiptin meðal barnanna.

Eitt barnið var í fyrstu árásgjarnt, þetta barn tók miklum framförum á skömmum tíma og átti síðan góð samskipti við hin börnin.

Ef vantaði börn eða ef starfsfólk var veikt var ákveðið að bjóða börnum úr öðrum hópum í leikstund. Við þessar aðstæður kom vel fram hve hópkenndin og tengslin innan hópsins skipti miklu máli. Samskiptin og leikurinn breyttist mikið eftir þeim einstaklingi sem inn kom.

Í upphafi voru börnin í einum hópnum mjög hikandi og feimin við að hefjast handa. Þau urðu síðan áhugasöm og voru í lokin mjög dugleg við að taka saman.

Í einum hópnum kom fram að drengirnir hafi verið meira að grúska og rannsaka en stelpurnar hafi verið í því að flögra um og söngla.

Þegar leið á veturinn kom fram að í einum hópnum hafi börnin gjarnan valið sér einn eða tvo hluti og dundað sér við þá allan tímann.

Samkomulagið milli barnanna þróaðist einstaklega vel og samkennd jókst.

Undir vorið var áberandi hvernig leikmynstrið hafði breyst, leikurinn hafði þróast út í hlutverkaleik og mikil þróun á samskiptum á milli barnanna.



*Hlutverkaleikur og samskipti*

### **Samantekt**

Allir voru sammála um að helstu niðurstöður af könnunarleiknum voru að börnin voru mjög áhugasöm, glöð og ánægð, Þau undu vel við sitt og báru virðingu fyrir hverju öðru. Starfsfólki fannst könnunarleikurinn brjóta skemmtilega upp leikmynstur eldri barnanna. Nefna má að drengir sem nota flesta hluti sem vopn gerðu það ekki við þessar aðstæður. Drengirnir virtust einbeita sér betur en stúlkurnar, en þær flögruðu meira um og söngluðu. Sameiginlegt var þó að mikil gleði var ríkjandi og tiltektin gekk mjög vel.

Fjárjóðskarfan kom líka skemmtilega á óvart það er að segja hvað hún vakti upp mikla leikgleði hjá börnunum og undrun á því að fá að meðhöndla hluti sem ekki er í boði dags daglega.

## Niðurstöður verkefnisins

Í byrjun var ákveðið að fræða allt starfsfólkið í leikskólanum um það mikilvæga starf sem fram fer með yngstu börnunum. Haldnir voru kynningafundir, deildarfundir og stofnað var til leshrings þar sem farið var yfir efni bókarinnar *People Under Three*. Hluti af fræðslunni var að fara í heimsókn á aðra leikskóla þar sem leikaðferðin hafði verið innleidd. Þetta teljum við hafa verið eitt af lykilatriðum þess hve vel tókst til, það er að segja að hafa alla með frá upphafi verkefnisins.

Könnunarleikurinn varð strax hluti af daglegu starfi leikskólans og engu þurfti að breyta í dagskipulagi leikskólans við innleiðingu hans. Leikurinn vakti strax í upphafi áhuga barnanna og hélst sá áhugi allt tímabilið. Einbeiting barnanna hefur aukist og til marks um það þurfti að lengja könnunarleikjastund hjá yngri börnunum. Samskiptahæfni barnanna jókst, virðing fyrir hvoru öðru og einnig jókst orðaforði og hugtakaskilningur. Sama á við um fjársjóðskörfuna og hefur hún einnig fengið sinn sess í starfi leikskólans og er hún notuð daglega, við ýmsar aðstæður.

Það hefur sýnt sig að könnunarleikurinn hefur verið góður undirbúningur fyrir það starf sem börnunum er boðið upp á á eldri deildunum, en þar er mikið unnið með verðlaust efni og skapandi starf. Nú í vor hafa þau börn sem hafa tekið þátt í verkefninu verið að færast yfir á eldri deildar og hefur það reynst þeim mjög auðvelt. Þetta kemur fram í samskiptum þeirra, þau eiga auðvelt með að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Þau eru sjálfstæð miðað við aldur og eiga auðvelt með að finna sér verkefni og una sér vel í þeim.

Þegar kom að því að innleiða lykilpersónuhlutverkið, kom í ljós að hlutverk hópstjóra, sem fyrir var í leikskólanum, gegndi í raun sama hlutverki og lykilpersónan. Því má segja að hlutverkið hafi, með verkefninu, öðlast enn mikilvægara gildi.

Haldnir voru kynningarfundir þar sem foreldrar voru mjög virkir og sýndu verkefninu mikinn áhuga og sköpuðust áhugaverðar umræður um uppeldi ungra barna. Í framhaldi af ákvörðun sem tekin var á einum fundi foreldra, komu foreldrar og fylgdust með könnunarleikstund hjá börnum sínum. Einnig voru þeir og allt starfsfólk virkt í efnisöflun við upphaf verkefnisins.

Starfsfólk telur að þátttaka í verkefninu hafi auðgað leikskólastarfið og að vægi yngstu barnanna hafi orðið meira innan leikskólans. Mikill áhugi er á að halda verkefninu áfram næsta haust og gera það að föstum lið í leikskólastarfi Rauðaborgar. Ennfremur styrkti þátttakan okkur enn frekar í því að gera sérstaka námskrá fyrir yngstu börnin.

Framkvæmdaáætlun stóðst, en gerð var ný áætlun eftir hvern deildarfund þar sem tekið var mið að stöðunni hverju sinni. Kostnaðaráætlun stóðst.

# Lokaorð

Hildur Skarphéðinsdóttir verkefnastjóri og starfsfólk leikskólans Rauðaborgar munu kynna þróunarverkefnið á málþingi RKHÍ í október 2005. Þar verður farið yfir aðdragandann að verkefninu, hugmyndafræðina og niðurstöður. Einnig verður sagt frá því hvernig verkefnið var skipulagt, framkvæmt og þátttöku foreldra. Sýnd verða dæmi um efnivið, myndir úr starfinu og spurningum svarað.

Heimsóknir frá öðrum leikskólum hafa verið mjög margar s.l. vetur og hefur starfsfólk leikskólans verið mjög áhugasamt um að kynna verkefnið fyrir gestum og gangandi.

Áhugi er fyrir að fá birta grein/kynningu um verkefnið í Skólavörðunni, stéttarfélagssriti Kennarasambands Íslands.

Skýrslan verður birt á heimasíðu Rauðaborgar [www.mentor.is](http://www.mentor.is)

Vegna áhuga hjá foreldrum, stendur þeim til boða að eignast upptökur úr könnunarleikjastund með sínum börnum.

Í tengslum við þetta verkefni er hafin vinna að námskrá yngstu barnanna og heldur sú vinna áfram. Áhugi er fyrir því að þróa heimsókn á heimili barna áður en þau byrja í leikskólanum, í þeim tilgangi að tengjast barninu og fjölskyldu þess enn betur, sbr. hugmyndina á bak við lykilpersónuna.

Við teljum þetta verkefni vera góðan grunn að áframhaldandi starfi í leikskólanum, þar sem þetta er í anda þeirrar uppeldisstefnu sem við vinnum eftir og þar af leiðandi skapar þetta heild í uppeldisstarfi Rauðaborgar.

Niðurstaða verkefnisins sýnir að það er gefandi að vinna með börnum á öllum aldri og það séu forréttindi að fá að starfa með "litlu manneskjunum." í upphafi leikskólagöngu þeirra.

# Heimildir

Ásta Birna Stefánsdóttir (2005). *Skólanámskrá Rauðaborgar*.

Featherstone, S. (2001). *The Little Book of Treasure Baskets*. Leicestershire: Featherstone Education Ltd..

Goldschmied, E. og Jackson, S. (1994). *People under three – young children in day care*. London: Routledge.

Hildur Skarphéðinsdóttir (2003). Könnunarleikur: Aðferð sem er að ryðja sér til rúms með yngstu börnunum í leikskólanum. *Skólavarðan*. Kennarasamband Íslands: Reykjavík.

Myndband

Goldschmied, E. (1992). . London: National Children's Bureau Enterprises Ltd..

Könnunarleikur með hluti (1992). National Children's Bureau Enterprises Ltd, the trading company for the National Children's Bureau.

# Fylgiskjöl

*Fylgiskjal 1*

## Sýnishorn frá umræðum í leshring

People Under Three

Kafli 3 Lykilpersónan

Flestir sem vinna með ungum börnum er meðvitaðir um að heilbrigður þroski barna liggur í að líta á barnið sem eina heild (as a whole) þ.e.a.s. alhliða þroski.

Áður fyrr var litið á að ef barnið fengið fæði og klæði, svefn og öryggi væri þroski barnsins í góðum málum. Einnig var ekki gert mikið til að hvetja til þess að taka tillit til tilfinningalífs barnanna.

Eftir því sem við höfum tileinkað okkur meiri skilning á þroska og tilfinningalífi ungra barna þá gerið vinnan með þeim meiri kröfur til okkar.

Rannsókn í leikskóla 1980 sýndi að börn væri meðhöndluð af mörgum aðilum í leikskólanum. Einnig að ef einstaka barni væri fylgt í gegnum daginn þá væri mjög takmörkuð einstakling umhyggja sem það fengið frá hinum fullorðna. Þetta er mjög alvarlegt sérstaklega varðandi börn sem ekki fá nægjanlega örvun heima.

Í dag vitum við að börn sem að sýna ofurlæti/ágengni í samskipum við fólk sem það er að kynnast er ekki að sýna merki um samskiptahæfni. Heldur eru þau oftast búin að búa við mikið tillfinningalegt óöryggi.

Þessa þekkingu höfum við öðlast í gegnum athuganir og rannsóknir um hvernig börn þroska þeirra hæfileika til félagslegra samskipta. Góð samskipti myndast af reynslu barnanna frá þeim sem næst þeim standa. Maðurinn hefur mikla hæfileika til að aðlagast ýmsum aðstæðum og rífa sig upp úr erfiðum aðstæðum, en ekki allir.

Það er engin afsökun fyrir því að halda áfram að reka uppeldisstefnu sem ekki er árangursrík með þá þekkingu sem við höfum í dag. Verður að vera sameiginleg sýn ríkjandi í leikskólanum um að börnin þurfa gott atlæti og einstaklingsumhyggja á að vera í öndvegi.

Hugmyndin um lykilpersónuna

Í félagsmálageiranum er sú hugmynd ríkjandi að einn félagsráðgjafi sjá um hverja fjölskyldu fyrir sig. Þetta er ákveðinn grunnhugsun sem tengist hugmyndinni um lykilpersónu fyrir hvert barn. Hún gerir ákveðna hluti/athafnir með barninu og tengist því á þann hátt. Barnið tengir hana þá við þessar athafnir og við sýnar þarfir. Frekar en þegar hinir og þessir eru að vinna með barninu.

Fylgiskjal 2

## Fyrsta fundarboðun til foreldra

Rauðaborg 27.09 '04

Ágætu foreldrar

Eins og þið hafið fengið upplýsingar um, munum við í Rauðaborg taka þátt í þróunarstarfi með yngstu börnin nú í vetur. Við erum komin á fullt að undirbúa starfið með börnunum og áætlað er að það hefjist þann 5. október næstkomandi.

**Við bjóðum ykkur velkomin á kynningarfund um starfið þriðjudaginn 28. sept. næstkomandi.** Á þessum fundi mun Hildur Skarphéðinsdóttir kynna verkefnið og sýnt verður myndband. Hildur er verkefnastjóri verkefnisins en er jafnframt leikskólafulltrúi Rauðaborgar.

**Fundurinn verður haldinn í Rauðaborg og hefst kl. 20.00 – 21.30**

### **P.S.**

Nú erum við að safna verðlausu efni til verkefnisins og langar okkur að biðja ykkur að taka þátt í því með okkur. Það sem við leitum að er m.a.

Pappahólkur af mismunandi stærðum

Dósir t.d. undan Pringles, rúsínum svo eitthvað sé nefnt

Trégardínuhringir

Badmintonboltar

Borðtenniskúlur

Gamlir lykklar

Tóm tvinnakefli

Borðar af ýmsum gerðum

Bestu kveðjur,  
Ásta Birna, Sandra, Vilborg, Linda, Birna, Hulda.

## Upplýsingar með myndbandi - Heuristic play with object

### Könnunarleikur með hluti

*12-20 mánaða gömul börn rannsaka hversdagslega hluti*

Þegar við horfum á Rósönnu litlu sitja við fjársjóðskörfuna sína sjáum við hvernig hún þrautþjálfar skynfæri sín með því að setja upp í sig og handleika hluti sem hún hefur áhuga á og velur gaumgæfilega. Það er augljóst að henni finnst þetta gaman, á auðvelt með að einbeita sér og er örugg í návist móður sinnar. Skilningarvitin fimm, snerting, lykt, bragð, heyrn og sjón, ásamt hinu sjötta, hreyfingu sem enn er ekki fullþroskuð, eru öll að verki.

Hún er nú níu mánaða gömul og fer brátt að skríða. Stóru dósirnar við hliðina á henni gefa henni tækifæri til að uppgötva, alveg upp á eigin spýtur, að hún getur látið hlut í dós og hvolft honum úr aftur. Hér uppgötvar hún hugtök eins og “í og úr” og “þarna og ekki þarna” sem hún mun þróa frekar meðfram hreyfiþroska sínum á margslunginn hátt.

#### Hreyfanleiki breytir ýmsu

Um leið og barnið getur farið að hreyfa sig úr stað opnast nýir möguleikar. Melissa sem er þrettán mánaða getur, eins og við sjáum á myndbandinu, átt frumkvæði að því að ná sér í hluti sem hún hefur áhuga á.

Þetta myndband með yngstu börnunum á fjórum leikskólum í miðborg Lundúna sýnir hvernig hægt er að fullnægja þörfinni fyrir könnunarleiki í öruggu umhverfi. Það sýnir börnin, í hópi með allt að sex börnum og einum fullorðnum, geta fengið útrás fyrir meðfædda forvitni og notað hæfileikann til að einbeita sér, eins og við sjáum við gullastokkinn. Einnig er sýnt hvernig hægt er að efla þessa eiginleika.

#### Notkun hugtaksins “Könnunarleikur með hluti”

Þetta hugtak þarf að útskýra. Á ensku er notað orðið “heuristic” sem er að uppruna gríska orðið “eurisko” og þýðir “til að uppgötva” eða “öðlast skilning á . . . “ sem lýsir nákvæmlega því sem þessi börn eru að gera. Með því að nota þetta óvenjulega orð er á virðulegan hátt vakin athygli á því hve leikur barnanna er merkilegur og mikil reisn yfir honum. Þau starfa af eigin hvötum ef þau fá viðeigandi hluti, sjálf og fyrir sig sjálf, án þess að fullorðnir stýri þeim.

#### Þannig nota börnin hlutina sem þau fá

Hlutirnir sem börnin fá í könnunarleik eru ekki venjuleg plastleikföng úr búið. Þetta eru alls konar hversdagslegir hlutir og ílát. (Tillögur eru á lista á næstu blaðsíðu.)

Myndbandið sýnir hvernig nota má þessa ólíku hluti á margvíslegan hátt; fylla og tæma, setja saman, velja og hafna, finna hvað er líkt og ólíkt, stafla hlutum og láta þá halda jafnvægi, stundum tekst það, stundum ekki, en alltaf er stefnt að settu marki. Það er nóg af hlutum og nóg pláss og því rífast börnin sjaldan um þá.

Þessir hlutir og margir aðrir álíka færa ungum börnum þá reynslu að möguleikar þeirra séu óþrjótandi. Þau læra frá unga aldri að það er alltaf hægt að “gera það á annan hátt”. Þetta er grunnurinn að því að leysa öll vandamál í framtíðinni. Í því samhengi er áhugavert fyrir

annað starfsfólk leikskólans að skilja hvernig börnin læra. Því væri það góður siður að hafa könnunarleikjastund á dagskrá á hverjum degi í leikskólanum.

Skýringar við myndbandið segja “leikföng úr búð eiga ekki heima hér”. Þetta á sérstaklega við um könnunarleikjastund þar sem börnin skoða hlutina á opinn hátt og engin niðurstaða er “rétt” eða “röng”. Þetta er þveröfugt við þroskaleikföng sem fullorðnir hanna.

### **Hlutverk hins fullorðna**

Hlutverk fullorðna fólksins í myndbandinu er aðeins að vera til taks; það hefur vakandi áhuga og er til staðar en það er lykilatriði í könnunarleikjastund. Leikur sem barnið stjórnar sjálft felur í sér eigin umbun; þar eru hrós og athugasemdir óþörf.

Sumu starfsfólki gæti í fyrstu fundist erfitt að fylgjast með án þess að skipta sér af börnunum þar til ljóst væri að þau mundu una sér vel við leik í því afslappaða andrúmslofti sem þar ríkir. Ef hinn fullorðni fellst á að fylgjast með án afskipta getur hann/hún öðlast heilmikinn skilning á hugarheimi barnsins þar sem það fæst við hluti í þeim ytra heimi sem það hrærist í. Ef, til dæmis, eitt barn truflar hin börnin mikið eða getur ekki einbeitt sér að neinu þá þarf að fylgjast með því allan daginn á leikskólanum til að skilja almennt ástand þess. Umsjónarmaður barnsins þarf að skerast í leikinn og finna leið til að sinna því.

### **Tiltekt er hluti af leiknum**

Könnunarleikjastund getur staðið í allt að 45 mínútum en þriðjung af tímanum þarf að nota til að taka saman. Tíminn, sem varið er í tiltekt, er jafnmikilvægur þeim sem fer í leik, er í raun framlenging á leiknum. Það ætti ekki að draga tiltektina of lengi því að þá verða börnin of þreytt og hinn fullorðni þarf að taka dótið saman. Það er mikilvægt að forðast þetta til að koma í veg fyrir óþarfa þreytu.

Myndbandið sýnir að með þolinmæði og í rólegu andrúmslofti skilja jafnvel yngstu börnin hvað þarf að gera. Það getur verið mjög gaman að taka saman og markar ákveðin verkalok bæði hjá fullorðnum og börnum. Þegar byrjað er að taka til má safna dósunum saman fyrst. Það er skynsamlegra að sýna það með fordæmi heldur en að spyrja án árangurs “hver ætlar að hjálpa mér að taka saman?”

Á meðan á leiknum stendur talar hinn fullorðni ekkert en í tiltektinni nefnir hann/hún hlutina sem hann/hún vill að barnið setji í hvern poka. Þegar hluturinn er kominn á sinn stað segir hann/hún “þakka þér fyrir” en ekki “góð stelpa” eða “góður strákur”. Með því að nefna hlutinn tengir barnið orðið við hlutinn. Í leiknum hafa börnin kynnst eðli hvers hlutar í gegnum skilningarvitin þannig að nafn hlutarins fær raunverulega merkingu. Hinn fullorðni bætir við stuttum, skýrum athugasemdum þegar hlutunum er safnað saman, eins og “þarna er einn við fótinn á þér”, “réttu mér annan”, “líttu fyrir aftan þig” o.s.frv. Það kemur skýrt í ljós hve miklu máli skiptir að nota marga ólíka hluti þegar málþroski er örvaður.

### **Tillögur að hlutum í safnið**

Það er mikilvægt að safna töluverðu magni af dósunum og hlutum og koma þeim vel fyrir áður en hafist er handa. Hæfilegt magn er t.d. fimmtán pokar sem hver hefur að geyma um fimmtíu hluti. Myndbandið sýnir vel hvernig hægt er að gera þetta.

### Mismunandi tegundir af ílátum

Stórar dósir með ávölum börnum	Öskjur úr pappa eða tré
Notaðar niðursuðudósir	Öskjur með loki
Kökubox	Eggjabakkar
Tindósir undan flöskum	Plastflöskur

### Hlutir sem rúlla

Ullardúskar (í frumlitum)	Tvinnakefli
Borðtenniskúlur	Pappahólkar af ýmsum stærðum
Rör (plast, pappi, málmur)	Hárrúllur

### Aðrir hlutir

Þvottaklemmur úr tré	Alls konar borðar
Keðjur af ýmsum stærðum og gerðum	Könglar
Hurðarhúnar úr tré	Stórar kastaníuhnetur
Hurðastopp úr gúmmí	Skeljar
Stórir hnappar	Tunguspaðar úr tré
Krukkulok (málmur og plast)	Gamlir lykklar
Plastarbönd, gardínuhringir	

### Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga í könnunarleikjastund

1. Á svæðinu, sem notað er, mega ekki vera önnur leikföng eða annað sem truflar leikinn.
2. Best er að hafa teppi á gólfinu; það er hljóðlátara og skemmtilegra fyrir börnin að sitja á teppi.
3. Starfsmaðurinn þarf að hafa þægilegan stól til að hann geti fylgst með í rólegheitum.
4. Svæðið þarf að skipuleggja vel til að koma í veg fyrir að börnin fari í einn hnapp.
5. Til að koma í veg fyrir að börnin rifist um dótið þurfa að vera um fimmtíu hlutir í hverjum poka. Gott er að byrja með tuttugu tegundir af hlutum og hafa hverja tegund í sínum poka. Best er að hengja pokana upp og setja dósirnar á hillu eins og sýnt er á myndbandinu.
6. Einn fullorðinn getur haft umsjón með sex til átta barna hópi og ákveðið hve marga poka hann vill nota og með hvaða hlutum í.
7. Þrjár dósir nægja hverju barni í hópnum. Þær eiga alltaf að vera til staðar.
8. Fullorðni starfsmaðurinn situr þegjandi þegar börnin koma inn á leiksvæðið. Það þarf ekki að stýra börnunum eða hvetja þau til að velja það sem þau vilja nota.
9. Gott er að hafa stóran pappakassa við höndina ef eitthvert barnið fer að sparka í hluti eða henda þeim. Þá getur starfsmaðurinn fengið barnið til að leggja hlutinn í kassann í stað þess að kasta honum og beina orkunni þannig í ákveðnari farveg.
10. Það hefur verið reiknað út að ef barn fær fjóra poka með fimmtíu hlutum hver getur það (fræðilega séð) sett þá saman á 1.387.142 vegu.
11. Þegar nauðsyn krefur ætti fullorðni starfsmaðurinn að umræða dótinu svo að lítið beri á, til að gera svæðið meira aðlaðandi.

Könnunarleikur með hluti (1992). Lengd: 20 mínútur. VHS í lit

Upplýsingar um hvar hægt er að kaupa myndbandið:

National Children's Bureau Enterprises Ltd

Book Sales Department

8 Wakley Street, London EC1V 7QE

Tel: 0171 843 6000; Fax: 0171 278 9512

**Spurningar í hópvinnu vegna þróunarverkefnisins  
Litlu manneskjurnar í leikskólanum**

**31. maí 2005**

**Til starfsmanna:**

- Hvernig fannst ykkur að taka þátt í verkefninu?
  - Hvað gekk vel?
  - Hvað hefði mátt betur fara?
  - Voru allir starfsmenn virkir á meðan á verkefninu stóð?
  - Var kynningin á verkefninu nægjanleg?
  - Fengu þið nægan stuðning og ráðgjöf varðandi fræðslu?
  - Og varðandi framkvæmd?
  - Fannst ykkur þið eiga eitthvað í verkefninu?
  - Voru börnin áhugasöm?
  - Ef svo hvernig sýndu þau það?
  - Voru foreldrar áhugasamir?
  - Ef svo hvernig sýndu þeir það?
- 
- Finnst ykkur að verkefnið ætti að halda áfram næsta haust?
  - Ef svo er eitthvað sem þið vilduð hafa öðruvísi heldur en s.l. vetur?

**Til foreldrar:**

- Hvernig fannst ykkur að taka þátt í verkefninu?
  - Hvað gekk vel?
  - Hvað hefði mátt betur fara?
  - Var kynningin á verkefninu nægjanleg?
  - Fannst ykkur þið eiga eitthvað í verkefninu?
  - Voru börnin áhugasöm?
  - Ef svo hvernig sýndu þau það?
  - Hefur könnunarleikurinn vakið áhuga ykkar? Hvernig?
  - Hefur fjársjóðskarfan vakið áhuga ykkar? Hvernig?
  - Nýttuð þið ykkur að koma að sjá börnin í könnunarleik?
- 
- Finnst ykkur að verkefnið ætti að halda áfram næsta haust?
  - Ef svo er eitthvað sem þið vilduð hafa öðruvísi heldur en s.l. vetur?

Fylgiskjal 5

**Fjórða starfsáætlun**

Þróunarverkefnið: Litlu manneskjurnar í leikskólanum 2004 – 2005

Verkefni	Hvað	Hvernær	Hver	Hvernig	Lokið
Kynningarfundur	Á þróunarverkefninu fyrir allt starfsfólkið	4. maí 2004	H.S.	Á starfsmannafundi í Rauðaborg	X
Panta bækur	People Under Three 4 stk. Threasure Baskets 10stk.	Júní 2004	H.S.	Leggja inn pöntun hjá Jakobínu	X
Kynning á könnunarleiknum	Fræðsla og myndband skoðað	18. ág. '04 kl 17:30	H.S.	Á starfsmannafundi	x
Verkefnaáætlun	Skipuleggja starfið	26. ág. '04 kl. 10:45	H.S., Á.B. starfsf.	Á deildarfundum + Hulda	x
Safna gögnum fyrir könnunarleikinn	Safna viðeigandi viðfangsefnum	Júní - september	Starfsfólk og foreldrar leikskólans	Safna í leikskólanum, kaupa hluti sem þörf er á og virkja foreldra til að koma viðfangsefni	X
Safna gögnum fyrir Fjár sjóðskörfuna	Safna viðeigandi viðfangsefnum	Október - nóvember	Starfsfólk og foreldrar leikskólans	Safna í leikskólanum, kaupa hluti sem þörf er á og virkja foreldra	12. jan. '05
Fræðslufundur fyrir starfsfólk og foreldra	Kynning á þróunarverkefnið, könnunarleikinn	28. september 2004 kl. 20:00	H.S. og Á.B.S.	Á starfsmanna- og foreldrafundi foreldra yngri barnanna	X
Deildarfundir til að skipuleggja og meta	Farið yfir gang mála	September – maí fyrsti fundur 26/8 04	Starfsfólk yngri barna, Á.B. og H.S.	Á deildarfundum ca einu sinni í mán. 6/9 – 27/9 – 25/10 – 29/11	X
Könnunarleikurinn	Byrja með leikjastund	5. október '05	Hópstjórar	Allir fara af stað með könnunarleik	X
Leshringur	Fara af stað með leshring	27. október '04. 12. jan. '05	St.yngstu Á.B.+H.S.	Allir lesi kaflann um fjársjóðskörfu í jan. er lesið um lykilpersónuna	X
Mat á þróunarverkefninu	Skoðuð þróun starfsins með yngstu börnunum	September - maí	H.S. og starfsfólk leikskólans	Myndbandsupptökur heima og í leikskólanum, ljósmyndatökur, viðtöl við foreldra	

Verkefni	Hvað	Hvernær	Hver	Hvernig	Lokið
Foreldrafundur	Virkja foreldra í vinnuna með börnunum þeirra	18. jan. 2005 febrúar 2. 2005	H.S., Á.B.S. og starfsfólkið	Halda tvo fundi með foreldrum á yngstu deildinni.	
Þýða efni	Kafla úr bókunum	september	Linda – Laura?		
Fjárhagsáætlun	Gera fjárhagsáætlun	September?	Á.B. og H.S.	Reikna út kostnað við verkefnið	
Áfangaskýrsla til mmr	Safna gögnum	Janúar 2005	H.S.	Safna gögnum, skrifa og senda til menntamálaráðuneytisins	
Lok verkefnisins	Þróunarverkefnið metið	Máí 2005	Allt starfsfólk leikskólans og foreldrar yngstu barnanna	Rýnihópar – foreldrar. Foreldrar og starfsfólk. Starfsfólk	
Lokaskýrsla skrifuð	Safnað gögnum og skrifa skýrsluna	Júní - september	H.S., Á.B.S. og starfsfólkið í Rauðaborg	Allir safna gögnum og H.S., Á.B.S.skrifa skýrsluna	

### Verkefni sem eftir er að setja í farveg:

Fræðslufundur fyrir allan hópinn:

Sigurlaug Einarsdóttir snerting, slökun, yoga 2. febrúar 2005

Matsaðferðir:

- ljósmyndatökur frá starfinu
- myndbandsupptökur frá starfinu með börnunum
- myndbandsupptökur að heiman
- dagbókarskráning
- vettvagnskönnun – Hildur – hvernær- hvernig?
- rýnihópar – foreldrar – foreldrar og starfsfólk – starfsfólk

